

Nd.

776. Nefndarálit

um frumv. til l. um tékka.

Frá fjárlagsnefnd.

Um gildi tékka í viðskiptum vísast til þess, sem sagt er í álitni nefndarinnar um vixla.

19. marz 1931 gerðu 20 ríki samþykkt um samræming tékkalöggjafarinnar sín á milli. Frv. þetta er borið fram af forsætisráðherra með það fyrir augum, að Ísland gangi í þessa þjóðasamþykkt.

Löggjöfin um tékka er frá 1901 og var þá sniðin eftir tékkalöggjöf annara Norðurlanda. Þær frávikningar, sem í frv. felast frá gildandi lögum, eru því færri og þýðingarminni en í frv. til vixillaga.

Helztu frávikningar og nýmæli frv. eru þessi:

1. Um útgáfu tékka: Samkv. tékkal. má gefa út tékka á hendur hverjum sem er. Frv. gerir hinsvegar ráð fyrir, að tékka megi aðeins gefa út á banka og sparisjóði, sem fengið hafa staðfestingu á samþykktum sínum. Með þessu er skapað meira öryggi um greiðslu tékka.
2. Handhafatékka má ekki breyta í nafnbref til tiltekns manns.
3. Í tékkal. er það fram tekið, að samþykki á tékka hafi enga þýðingu. Í frv. (25. gr.) eru ákvæði um það, að áritun greiðslubanka skuldbindi hann til greiðslu, ef skilja megi áritunina svo, að tékkinn muni greiddur, sé hann sýndur innan þess frests, sem ákveðinn er í frv.
4. Það hefir þótt vafasamt samkv. tékkal., hvort ákvæði vixill. um ábyrgð á vixilkröfu gíti um tékka. Með frv. er því slegið föstu, að svo sé.
5. Það er nýmæli í frv., að tékki er gjaldkræfur við sýningu, enda þótt tékkinn hafi verið gefinn út með dagsetningu, sem ókomin er (antedated).
6. Með 29. gr. frv. eru sýningarfrestir ákveðnir. Nefndinni þykir fresturinn of stuttur í tveim tilfellum og gerir því till. um lengingu frestsins.
7. Það er nýmæli í frv., að útgefandi geti bannað greiðslubanka að greiða tékkann og að bankanum sé heimilt að greiða tékka, sem eigi hefir verið afturkallaður, þótt sýningarfrestur sé liðinn. Afturköllun hefir þó því aðeins gildi, að greiðslubanki hafi ekki ritað á tékkann orð eða merki, sem skuldbindi hann til greiðslu.
8. Ákvæði um strikun tékka (crossed cheques) eru fyllri en í tékkal.
9. Fyrningarfresturinn, sem ákveðinn er 6 mánuðir, reiknast skv. frv. frá lokadegi sýningarfrests, en ekki frá útgáfudegi, eins og nú er ákveðið í tékkal.

Frekari greinargerðar virðist ekki þörf í nefndarálitni.

Nefndin ræður hv. deild að samþykkja frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 29. gr.
 - a. Fyrir „20“ í 1. mgr. kemur: 30.
 - b. Fyrir „20“ í 2. mgr. kemur: 40.

2. Við 53. gr. Á eftir „fyrir erlendum dómstóli“ í 2. mgr. kemur komma.
3. Við 58. gr. Fyrir „hefir verið þess umkominn“ í 2. mgr. kemur: hefði verið þess umkominn.

Alþingi, 23. maí 1933.

H. Stefánsson,
form.

Hannes Jónsson.

Jón A. Jónsson,
fundaskrif., frsm.

Ólafur Thors.

Bernh. Stefánsson.